

Gátlisti fyrir heimili ungra barna

Slysagildirur í heimahúsum



	Já	Nei
Eru lyf, vítamín, snyrtivörur, hreinsiefni og önnur hættuleg efni geymd í hirslum með barnalæsingunni?		
Eru hnífar, skæri og önnur beitt áhöld geymd þar sem barnið nær ekki til?		
Eru rafmagnstæki þar sem barnið nær ekki til?		
Er eldavélin föst við vegg?		
Er eldavélin þannig búin að ofnhurðin hitnar ekki að utan eða er hún með ofnhlíf?		
Er öryggislæsing á ofni eldavélarinnar?		
Er hlíf fyrir eldavélahellum þegar vélin er í notkun?		
Er hlíf fyrir rofum eldavélarinnar?		
Er sápan í uppþvottavélina geymd í læstum skáp?		
Eru hitastýrð blöndunartæki á handlaug, sturtu og baðkeri?		
Er skemill fyrir barnið til að standa á í baðherberginu?		
Er hálkumotta í baðkeri eða sturtubotni?		
Er barnið alltaf undir eftirliti fullorðinna í baði?		
Hanga rafmagnssnúður niður á gólf eða liggja þær eftir gólfum þar sem barnið getur náð til þeirra?		
Er lekastraumsrofi til staðar í húsinu og er hann í lagi?		
Er öryggislæsing á öllum gluggum sem hindrar að glugginn opnist meira en 10 cm?		
Ef handrið er í húsinu eða við húsið er bilið milli rimla meira en 10 cm?		
Er sjónvarpið fast á hillu eða er borðið sem það stendur á veggfast?		
Eru allar frístandandi hillur, skápar og kómmóður veggfastar?		
Er öryggislæsing á myndbandstækinu þannig að barnið geti ekki sett höndina inn í tækið?		
Er gengið þannig frá rimla- eða rúllugardínum að snúður hanga ekki niður þar sem barn getur náð að setja þær um hálsinn á sér?		
Er fatnaður barnsins með reimum í hettu eða hálsmáli?		
Er öryggishlið fyrir stigaopum uppi og niðri?		
Eru hættulegar hurðir á heimilinu sem skellast í gegnumtrekki og geta klemmt litla fingur?		
Eru eittraðar plöntur á heimilinu?		
Er barnið eftirlitslaust að leika sér með plastpoka, blöðrur eða smádót?		
Eru óvarðir miðstöðvarofnar sem hitna mikið?		
Er eldvarnarteppi, slökkvitæki og reykskynjari á heimilinu?		
Er barnið skilið eftir eitt á hjónarúmi, t.d. amerísku rúmi?		
Er barnið skilið eftir eitt á skiptiborði?		
Er beisli í barnavagni / kerru?		
Er beisli í hástól við matarborðið?		
Eru oddhvöss horn á húsgögnum varin?		
Er öryggisgler í borðplötum og glerskápum?		
Er númer Neyðarlínunnar við símann?		
Er öryggislæsing á svalahurð?		
Kunna fullorðnir á heimilinu barnaskyndihjálpi?		

Beinn sími Árvekni er 5 800 906 / 8 400 906 / 5 800 900 (herdis@lydheilsustod.is)

Frekari upplýsingar um slysavarnir barna er að finna á heimasíðu Lýðheilsustöðvar, www.lydheilsustod.is.



LÝÐHEILSUSTÖÐ
Laugavegi 116, 105 Reykjavík
Sími: 5 800 900